



Innritunarreglur fyrir Frístund í Skagafirði

1. gr. Markmið

Frístund er ætluð yngstu börnum grunnskóla eftir því sem aðstæður leyfa og þörf er á að skóladegi loknum. Markmið þjónustunnar er að búa börnum öruggt umhverfi með þroskandi viðfangsefnum að skóladegi loknum.

2. gr. Forgangur

Yngri börn hafa forgang að þjónustunni umfram þau sem eldri eru. Börn, sem að mati félags- og/eða fræðsluþjónustu sveitarfélagsins, búa við erfiðar aðstæður, hafa einnig forgang að þjónustunni.

3. gr. Opnunartími

Daglega er frístund opin frá því er skóla lýkur á daginn og fram til kl. 16:15 í Varmahlíðarskóla og fram að brottför skólalífreiðar í Grunnskólanum austan Vatna og til 16:10 í Árskóla. Lokað er í jóla- og páskafríum, haust- og vetrarfríum og á árlegum fræðsludegi skólanna. Opið er á starfs- og viðtalsdögum skólanna og á haustþingsdegi kennara. Frístund er einnig opin viku fyrir skólabyrjun að hausti. Á þeim dögum sem um heilsdagsopnun er að ræða þarf að skrá börnin sérstaklega og skráning er bindandi. Greiða þarf sérstaklega fyrir alla heila daga. Heilsdagsopnun er aðeins í boði þegar skráð börn eru átta eða fleiri..

4. gr. Umsóknir

Forskráning í Frístund fer fram hjá viðkomandi grunnskóla fyrir 1. júní ár hvert. Eiginleg innritun fer fram í upphafi skólaárs í samráði við forstöðumann Frístundar og skal þá staðfesta vistunardaga og tíma á degi hverjum. Staðfest innritun gildir út allt skólaárið.

5. gr. Greiðslur fyrir þjónustuna

Greitt er fyrir þann tíma sem börnin eru skráð í Frístund óháð því hvort barnið mætir alla dagana eða ekki. Verði breyting á vistunartíma á milli mánaða þarf að tilkynna það fyrir 20. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi 1. hvers mánaðar.

Skv. verklagsreglum sveitarfélagsins um afslátt í leikskólum, frístund og daggæslu í heimahúsum er systkinaafsláttur háður því að börn dvelji í Frístund að lágmarki 10 tíma á viku að meðaltali í hverjum mánuði. Hægt er að óska eftir uppsögn á plássi og skal uppsögn skilað til skólastjóra hvers skóla.

6. gr. Gjaldlagi

Vistun er greidd mánaðarlega og eru gjöld greidd eftirá, gjalddagi er 1. hvers mánaðar. Eindagi er 10 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá gjalddaga. Hafi skuldin ekki verið greidd eða um hana samið eftir einn mánuð (30 daga) frá gjalddaga, áskilur sveitarfélagið sér rétt til að segja plássi barnsins upp með 10 daga fyrirvara.

7. gr. Gjaldskrá

Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir þjónustuna í tengslum við fjárhagsáætlun ár hvert og er gjaldskráin auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins.



8. gr. Sérákvæði fyrir Sauðárkrók

Forgang að þjónustunni hafa börn sem búa utan þéttbýlis á Sauðárkróki og ferðast alla jafna með skólarútu á milli heimilis og skóla. Börn sem búa í dreifbýli og nýta skólarútu til heimferðar greiða ekki dvalargjald, einungis efnisgjald og matarkostnað. Dvelji börn í Frístund eftir að skólarúta fer að skóladegi loknum, skal greiða fyrir þann tíma. Lágmarksvistun í Árvist eru 20 klst. á mánuði.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. janúar 2025.

Samþykkt í fræðslunefnd 12.12.2024 og sveitarstjórn 18.12.2024.

Málsnr. 2410111